



## Bæjarráð Akureyrarbæjar

Kvænnaathvarfinu, 24. júní 2024

### Neyðarkall vegna húsnæðismála Kvænnaathvarfs á Akureyri

Í ágúst 2020 opnuðu Samtök um kvænnaathvarf neyðarathvarf á Akureyri ætlað konum og börnum þeirra, sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis. Nú hefur leigusamningi við athvarfið á Akureyri verið sagt upp og athvarfið því húsnæðislaust frá og með 1. janúar 2025. Samtök um Kvænnaathvarf leita því til bæjarráðs Akureyrarbæjar um að koma til samstarfs til þess að tryggja athvarfinu öruggt húsnæði.

Kvænnaathvarf á Akureyri hófst sem tilraunaverkefni en það kom fljótt í ljós að mikil þörf væri á slíku úrræði á svæðinu. Því var ákveðið að halda rekstri athvarfsins áfram og bæta við þjónustu þess, þannig að konur og börn fengju sambærilega aðstoð og utanumhald eins og tíðkast í Reykjavík. Í september 2023 hlutu Samtök um kvænnaathvarf styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti ætlaðan sérstaklega fyrir rekstur athvarfs á Akureyri og með mótframlagi frá Samtökum um kvænnaathvarf hefur viðunandi þjónusta nú verið fest í sessi.

49 konur og 34 börn hafa dvalið í Kvænnaathvarfinu á Akureyri. Um er að ræða hreina viðbót við þær konur sem sækja sér dvalar í Reykjavík, en aðsókn kvænna frá Norðurlandi hefur ekki dvínað í athvarfinu í Reykjavík með tilkomu athvars á Akureyri. Því má ætla að um sé að ræða konur sem ekki hefðu leitað til Kvænnaathvarfs ef ekki væri fyrir neyðarathvarf á Akureyri. Konur og börn dvelja í athvarfinu sér að kostnaðarlausu og þiggja þar frítt fæði og aðrar nauðsynjavörur á meðan á dvöl stendur. Vönduð ráðgjöf, utanumhald og ótakmarkaður tími í dvöl stuðla að því að minni líkur eru á að konur snúi til baka í ofbeldissamband.

Kvænnaathvarf á Akureyri hefur frá upphafi verið rekið í leiguhúsnæði og hafa sveitarfélög á Norðurlandi eystra tekið þátt í leigukostnaði. Nú hefur leigunni verið sagt upp og athvarfið því húsnæðislaust frá og með 1. janúar 2025. Við leitum því hér með til Akureyrarbæjar eftir samvinnu við að finna farsæla lausn á húsnæðismálum athvarfsins og tryggja þannig framboð á því mikilvæga úrræði sem samtökin bjóða konum og börnum sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis.

Ljóst er að það er einkar bagalegt að grunnþjónusta sem athvarfið veitir sé í ótryggu húsnæði á almennum markaði. Einstaklega mikilvægt er að þjónusta athvarfsins sé samfelld og að húsnæði finnist áður en uppsögn leigusamnings tekur gildi. Við biðjum ykkur því allra vinsamlegast um að veita erindi þessu skjóta afgreiðslu og vonumst til að heyra frá ykkur sem allra fyrst.

Með bestu kveðjum.

Fyrir hönd Samtaka um kvennaathvarf,  
Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra